

Fundur í Háskólaráði

Dags. 07.12.2023

Staður og tími: Teams kl. 12.00

Málsnúmer: 2306186

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Soffía Dagmar Þorleifsdóttir (varamaður), Jón Freyr Jóhannsson, Kári Joenssen (Varamaður), Sævar Ari Finnbogason

Fulltrúar nemenda: Jón K. Ólafsson, Hlynur Finnbogason, Hjördís Garðarsdóttir,

Áheyrnaraðilar: Stefan Wendt, Anna Þórunn Reynis

Fjarverandi: Ása Laufey Sigurðardóttir, Halldór Kjartan Þorsteinsson, Hanna Kristín Skaftadótti og Sólveig Hallsteinsdóttir

Gestir: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
 - Samþykkt samhljóða
- Fjárhagsáætlun 2024
 - Anna Þórunn Reynis kynnti fjárhagsáætlun vegna 2024
 - Helstu breytingar eru að skólagjöldin lækka vegna breytinga á skólagjöldum í meistaranámi. Margar breytur koma inn í myndina þar sem nokkur óvissa er vegna meðal annars húsnæðismála og mögulegra sameiningamála. Áætlun gerir ráð fyrir að reksturinn verði jákvæður.
- Kynning á nýju námi í Öryggisfræðum og almannavörnum
 - Ólína Kerúlf Þorvarðardóttir kynnti nýja námslínu í Öryggisfræðum og almannavörnum sem hefur göngu sína haustið 2024. Námslínan er 180 ECTS BA nám sem undirbýr nemendur í fræðunum og fyrir frekara nám. Námslínan er sérstaklega hugsuð til að undirbyggja nám í Áfallstjórnun á meistarastigi.
 - Umræða
Fundargestir lýstu almennt ánægju með þessa viðbót við nám við háskólann og sammála um að þörf væri á þessum fræðum í íslenskt samfélag.
 - Til máls tóku, HG, SAF, JKÓ, MJN
- Fýsileikakönnun
 - Margrét Jónsdóttir kynnti stöðuna á vinnu fýsleikanefndar háskólanna. Fyrir hönd Háskólans á Bifröst sitja Margrét Jónsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Bjarni Már Magnússon. Viðræður ganga vel en mörg stór og flókin málefni hafa komið upp í viðræðunum. Nú er sérstaklega beðið eftir viðbrögðum frá ráðuneytinu sem að stóru leiti lýtur að fjármögnun og lagalegum viðfangsefnum. Verið er að vinna að því að selja eignir á Bifröst en þau mál hafa gengið hægar og fleiri flækjustig heldur en átt var von á.



5. Erindi frá nemendum

- Hlynur tilkynnti að Kristín Ósk Wíium hefur tekið við stöðu varaforseta. Próflokafögnuður verður á föstudaginn og í næstu viku verður jólabingó nemendafélagsins.

6. Erindi frá starfsfólki

- Halldóra Lóa kynnti fyrstu drög að dagskrá skólaársins
 - i. Ánægja með að gert sé ráð fyrir staðlotum á öllum misserum.
 - ii. Umræða um að hafa loturnar á staðnum en ekki vera með bæði í stað og í fjar. Það þarf að búa til tengslanet og er mikilvægt að staðloturnar nýtist vel í það verkefni.
 - iii. Þarf að vera skýrt í kennsluáætlunum hvað gerist ef nemendur mæta ekki á staðlotur. Eru verkefni eða fá þau námsefni í gegnum Canvas
 - iv. Þarf að gæta þess að nemendur fái aðgang að öllu námsefni sem sett er fram á staðlotum hvort sem þau mæta eða ekki.
- Til máls tóku HG, SAF, SW, MJN, HF, HLP
- Halldóra Lóa kynnti nýnemadaga á vorönn sem verða 5.jan 2024 kl 11.30

7. Önnur mál

Soffía greindi frá kynningu í Smáralind þar sem hún var á stórum skjá og fólk gat komið og spurt um námið. Margir töldu að þar væri gervigreind á ferð og vakti mikla athyggli. Einnig eru komnir nýjir bæklingar í umferð sem eru í laginu eins og sími með QR kóða sem beinir fólki inn á upplýsingasíðu um nám í Háskólanum á Bifröst

Fundi slitið kl. 12.57

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir